

HEILBRIGÐISNEFND VESTFJARÐA

STARFSLEYFI

Hampiðjan Ísland ehf

kt: 480269-4549

Starfsstöð: Suðurtangi 4, 400 Ísafjörður Fasteinganúmer 251-5826
Gildistími: 17.03 2022- 17.03 2034

Starfsleyfi fyrir:

- Flutning og móttöku á óhreinna nótapoka frá fiskeldisfyrirtækjum
- Þvottastöð fyrir þvott á nótapokum
- Hreinsun fráveituvatns
- Meðhöndlun nótapoka með litun eða sæfiefnum
- Móttöku á veiðafæraúrgangi til endurvinnslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.


Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda sem og almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnt með formlegum hætti til heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfi þetta ásamt fylgiskjölum skulu vera aðgengileg í starfsstöðinni. Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það vegna breyttra forsenda, sbr. gr. 5 í reglugerð nr 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vestfjarðasvæðis. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða



Almon VESTFJARÐA
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða

Starfsleyfishafi: Hampiðjan Ísland ehf kt: 480269-4549

Starfsstöð: Suðurtangi 4, 400 Ísafjörður Fasteinganúmer 2515826

Gildistími: 17.03 2022- 17.03 2034

Starfsleyfi fyrir:

- Flutning og móttöku á óhreinna nótapoka frá fiskeldisfyrirtækjum
- Þvottastöð fyrir þvott á nótapokum
- Hreinsun fráveituvatns
- Meðhöndlun nótapoka með litun eða sæfiefnum
- Móttöku á veiðafæraúrgangi til endurvinnslu

Starfsleyfið er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar um starfsleyfi dagsett 20.1 2022 ásamt fylgigögnum.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- Lög nr 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Efnalög nr 61/2013, m.s.br.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgang, m.s.br.
- Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, m.s.br.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annara laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m,s.br.
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, m.s. br.
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni , m.s.br.
- Reglugerð nr. 1040/2016 umskrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, m.s.br.
- Reglugerð nr. 874/2014 um sævivörur
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br
- Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, m.s.br
- Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg

1. Lýsing á starfsemi

Starfsleyfið gildir fyrir móttöku, hreinsun og litun á nótapokun frá fiskeldisfyrirtækjum á Íslandi sem stunda sjókvíældi. Starfsleyfið gildir einnig fyrir móttöku á veiðarfæraúrgangi til endurvinnslu.

1.1. Flutningur og móttaka óhreinna nótapoka

Óhrein net skulu ætíð flutt í lekaheldum ílátum til að tryggja að vatn og smitefni geti ekki borist frá óhreinum netum. Heimilt er að geyma óhrein net innan girðingar móttökustöðvarinnar þar sem niðurföll eru tengd inn á vatnshreinsistöð fyrirtækisins.

1.2. Hreinsun nótapoka og fráveituvatns

Í mannvirkjum á afgirtu svæði á lóð fyrirtækisins er

- Þvottastöð fyrir fiskeldispoka
- Sérstök starfsmannaðastaða vegna þvottastöðvarinnar
- Hreinsistöð fyrir vatn til endurnýtingar og/ eða förgunar í fráveitukerfi

1.3. Aðstaða til meðhöndlunar með lit eða sæfiefnum.

- Í netaverkstæði er sér aðstaða til að lita og/eða meðhöndla netapoka með varnarefnum

1.4. Móttaka á veiðarfæraúrgangi til endurvinnslu

- Um er að ræða móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang úr gerviefnum, þeim safnað saman og komið til endurvinnslu. Móttakan verður við aðstöðu netaverkstæðis rekstraraðila.

2. Sértæk ákvæði

Sýnataka

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila

Áður en starfsemi hefst skal taka sýni af seti á botni sjávar við hafnarbakkann þar sem starfsemin fer fram og einnig við enda útrásar ofanvatns, þ.e. lagir sem mun leiða hreinsað vatn frá stöðinni.

Í fráveituvatni frá hreinsistöðinni

Í vatni sem hleypt er til sjávar frá hreinsivirkinu skal taka sýni innan árs frá því starfseminn hefst og síðan á fimm ára fresti. Mæla skal magn kopars, sinks og blýs, sýrustig, heildar-N, heildar -P og COD eða BOD

Í úrgangi til förgunar

Í úrgangi til förgunar þ.e. sandi, skeljabrotum og gróðurleifum sem og slammi eða þykkni frá hreinsun þvottavatns skal taka sýni eins fljótt og unnt er eftir að starfsemi hefst og síðan á fimm ára fresti

Mæla skal magn kopars, sinks, og blýs.

Viðmiðunarmörk

Magn kopars í úrgangi má ekki mælast meira en 0,25% af heildarþyngd úrgangsins miðað við þurrefni (sbr. einnig norskari leiðbeiningar)

Skv. fyrsta viðauka, kafla D, í fráveitureglugerð nr. 798/1999 m.s.br.

Magn COD í fráveituvatni skal ekki mælast yfir 125 mg/l O₂

Heildarstyrkur fosfórs 2 mg/l P

Heildarstyrkur köfnunarefnis 15 mg/l N

Skv. Fylgiskjali 1B í fráveitureglugerð nr. 798/1999 m.s. br.

Innra eftirlit

Krafa er um að starfsleyfishafi viðhafi virkt og sýnilegt innra eftirlit. Eftirfarandi skal liggja fyrir og vera aðgengilegt eftirlitsaðila.

Skráningar á viðhaldi véla og tækja í því augnamiði að koma í veg fyrir bilanir og mengun umhverfis

Upplýsingar um tegundir og magn hættulegra efna sem notuð eru

Hreinlætisáætlun og þrifaskráning fyrir alla aðstöðuna

Kvittanir eða dagbókarfærslur vegna skila á hvers konar spilliefnum og úrgangi.

Skráningar á mengunarslysum og viðbrögðum við þeim

Skráningar á kvörtunum vegna starfseminnar og viðbrögðum við þeim

Skáningar á sýnatökum og niðurstöðum rannsókna á sýnum sem tekin eru skv. 2 kafla.

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3	Í starfsleyfi eru skráð sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt soppilát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	

2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu oliutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslu sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.	798/1999	
3.4	Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	

3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	
4.4	Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5	Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til	806/1999	

	aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.		
4.6	Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7	Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.